



Katrin Jakobsdóttir forsætisráðherra var meðal fjölmargra kvenna sem lásu sögur undir myllumerkinu #metoo í Borgarleikhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allt að fimmtán milljarða innspýting

Áætlað er að framlög til reksturs heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins aukist verulega í frumvarpi til fjárlaga sem lagt verður fram síðar í vikunni. Útgjöld munu líka aukast til samgöngumála, löggæslu og þjónustu víða um land við þolendur kynferðisbrota.

STJÓRNMÁL Gert er ráð fyrir allt að fimmtán milljarða innspýtingu í rekstur bæði heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins umfram það sem stefnt var að með fjárlagafrumvarpi síðustu ríkisstjórnar í nýju fjárlagafrumvarpi. Það verður lagt fram á fimmtudaginn. Töluverð útgjöld eru einnig ætluð í samgöngumál auk þess sem efla á löggæslu og bæta

þjónustu víða um land fyrir þolendur kynferðisofbeldis.

„Innspýtingin fer í hina opinberu heilbrigðisþjónustu; Landspítalann, heilsugæsluna og hinar almennu sjúkrastofnanir um landið,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og bætir við: „Þessi hluti af almannþjónustunni hefur þurft að bíða allt of lengi og fólk hefur þurft

að hlaupa hraðar og gera meira í allri heilbrigðisþjónustunni allt frá hrúni og í rauninni lengur. Þannig að það er kominn tími til að þessir innviðir fari að finna fyrir því að okkur er að ganga betur.“

Svandís hyggst leita eftir samvinnu við menntamálaráðherra um málefni Landspítalans. „Það má ekki gleyma því að Landspítalinn er

háskólasjúkrahús þannig að þetta er menntastofnun líka og við þurfum að búa vel að vísindastarfi og rannsóknunum. Að þessum þætti þurfum við að vinna saman, við menntamálaráðherra,“ segir Svandís.

Menntamálaráðherra tekur heils hugar undir þessi orð Svandísar og segir brýnt að taka upp þverfarlega samvinnu varðandi rannsóknir

og þróun á þessum vettvangi.

„Það verður stórukin áhersla á menntamál í þessu fjárlagafrumvarpi,“ segir Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra. „Áherslan verður á háskólastigið, framhaldsskólastigið, verk- og iðnnám. Þessi ríkisstjórn ætlar sér að skapa hagkerfi sem er drifið áfram af verk- og hugviti.“ – aá

Mínútan mun kosta 39 krónur

VIÐSKIPTI Gjaldtaka á hleðslustöðvum Orku náttúrunnar mun hefjast 1. febrúar og mun mínútan kosta 39 krónur. Á næstu dögum og vikum verða fjölmargar nýjar hraðhleðslur teknar í gagnið á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. – smj / sjá síðu 4

Misboðið vegna dýrameðferðar

DÝR „Ég var á Hlemmi að taka strætó þegar ég sá geiturnar tvær fyrir utan Mathöllina. Mér var mjög misboðið að sjá dýrin svona í umhverfi sem er þeim alls ekki náttúrulegt,“ segir Helga Marín Jónatansdóttir. – þþ / sjá síðu 1

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Silja Dögg Gunnarsdóttir skrifar um sprotastarfsemi og skatta. **10**



SPORT Sýna að það sé líka hægt að spila eins og Barcelona-liðið í enska boltanum. **14-15**

TÍMAMÓT Tók við Menam blaut á bak við eyrun. **16**

LÍFIÐ Tölvugjöf breyttist í taekwondo kennslu **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

150 GB fylgja öllum farsímum til jóla

GJAFAKORT
BORGARLEIKHÚSSINS

GJÖF SEM LIFNAR VIÐ


568 8000 • BORGARLEIKHUS.IS

VERTU LAUS VIÐ LIÐVERKI

NUTRILENK
GOLD

www.artasan.is

Veður



Hægur vindur í dag, víða léttskýjað og kalt í veðri. Vaxandi suðaustanátt á Suðurlandi og Vesturlandi seinni partinn, þykkar upp og dregur úr frosti. **SJÁ SIÐU 18**

Aftur í varðhald þvert á úrskurð Hæstaréttar

LÖGREGLUMÁL Erlendur karlmaður var í lok síðustu viku úrskurðaður í gæsluvarðhald til 3. janúar næstkomandi grunaður um tilraun til manndráps. Þremur dögum áður hafði Hæstiréttur fellt úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manninum.

Maðurinn er grunaður um að hafa í tvígang þrengt að öndunarvegi konu á heimili þeirra með þeim afleiðingum að hún missti meðvitund. Í fyrra skiptið var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald á þeim grundvelli að hann gæti torveldað rannsókn málsins en Hæstiréttur féllst ekki á það. Nú er gæsluvarðhaldið með vísan til almannahagsmuna.

„Hann var boðaður í skýrslutöku á fimmtudag og handtekinn að nýju að henni lokinni,“ segir Guðmundur Páll Jónsson lögreglufulltrúi. „Dómarinn tók sér sólarhrings umhugsunarfrest og féllst að því loknu á gæsluvarðhald.“

Verjandi mannsins, Sigurður Freyr Sigurðsson, segir að úrskurður dómarans hafi verið kærður til Hæstaréttar. Niðurstaða mun liggja fyrir í þessari viku. – jõe

Meira en 100 skjálftar mældir

NÁTTÚRA Vel yfir hundrað skjálftar mældust í fjallinu Skjaldbreið um helgina. Að minnsta kosti 66 skjálftar mældust í fyrradag og um það bil 50 í gær. Í fyrrkvöld mældist stærsti skjálftinn 3,7 og í gærmorgun varð skjálfti að stærð 3,8. Fyrir þessa hrinu höfðu ekki mælst svo öflugir skjálftar í fjallinu frá árinu 1992.

Veðurstofan segir engan gosóróa hafa fundist í þessari hrinu. Um sé að ræða hreina brotaskjálfta sem verða þegar jörð brestur vegna uppsafnaðrar spennu á flekamörkum. Ef um gosóróa væri að ræða þá væri um að ræða samfelldari skjálfta. – bo

Aðventan upp á gamla mátann



Alla jafna er mikið um að vera á Árbæjarsafninu í aðdraganda jóla. Gestir safnsins geta fylgst þar með undirbúningi jóla eins og hann var í gamla daga. Í gær voru þar bræðurnir Ketkrókur og Bjúgnakrækir og bersýnilega fóru þeir ekki tómhentir af safninu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ætlaði að hjálpa manninum sem réðst á hann

LÖGREGLUMÁL Móðir Klevis Sula, Albanans sem lést eftir hnífsstungu-árás í miðbænum fyrir rúmri viku, segir að hann hafi ætlað að hjálpa manninum sem grunaður er um að hafa ráðist á hann. Hún kom hingað til lands eftir árásina og gat verið hjá honum síðustu augnablik ævi hans.

„Hann var yndislegur, Hann vildi hjálpa öllum. Vinum sínum og fjölskyldu. Hann talaði mjög vel um Íslendinga og kunni vel að meta fólkið hérna,“ segir Natasha Sula, um son sinn.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að vitnisburður vinar Klevis, sem einnig var stunginn umrætt kvöld, er á þá leið að Klevis hafi tekið eftir manni sem var grátandi. Hann hafi boðið honum aðstoð en þá verið stunginn með hnífi. Ekki er talið að mennirnir hafi þekkt neitt fyrir árásina. – ngy

Misbauð meðferð á geitum á Hlemmi

Vegan fólk er í tilfinningalegu uppnámi vegna tveggja geita sem voru til sýnis við Mathöllina á Hlemmi fyrr í vikunni. Ein úr þeirra hópi, Helga Marín Jónatansdóttir, segir dýrin vera vanvirt og ætlar að tilkynna uppátækið til MAST.

DÝRAVERND „Ég var á Hlemmi að taka strætó þegar ég sá geiturnar tvær fyrir utan Mathöllina. Mér var mjög misboðið að sjá dýrin svona í umhverfi sem er þeim alls ekki náttúrulegt,“ segir Helga Marín Jónatansdóttir grænmetisæta. „Ég tók mynd af geitunum og hringdi í lögregluna sem vísaði mér áfram á Matvælastofnun og ég ætla að tilkynna þessa meðferð á dýrunum þangað.“

Geiturnar tvær voru til sýnis við Mathöllina á miðvikudaginn á svokölluðum „Geitardegi“ sem var liður í sýningu útskriftarnema í meistaranámi í hönnun við Listaháskóla Íslands. Þá voru geitaréttir á boðstólum á þremur veitingastöðum í höllinni.

„Það var fólk að klappa geitum fyrir utan og borða þær inni,“ segir Helga Marín og sættir sig illa við þessa þversögn. „Þarna var alls konar lið að atast í þeim og hlæja. Þetta er vanvirðing við dýrin sem komið er fram við eins og hluti. Ég held að þeim hafi ekki liðið vel. Þetta er ekki þeirra umhverfi og hávaðinn og áreitið á Hlemmi er mikið.“


Helga Marín birti myndina á Facebook-síðu vegan fólks á Íslandi. Óhætt er að segja að í athugasemdum þar hafi heitar tilfinningar blossað upp og meðal annars talað um „algera aftengingu“, „dýravaldniðslu“ og „ömurlegan viðbjóð“. Á heimasíðu Matvælastofnunar segir að hverjum þeim sem verði var við illa meðferð á dýrum beri að tilkynna slíkt til MAST eða lögreglu. Á Facebook-síðunni ber þó ekki öllum saman um að illa hafi



Heitar tilfinningar blossuðu upp hjá grænmetisætum vegna sýningar á teimur geitum við Hlemmi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það var fólk að klappa geitum fyrir utan og borða þær inni

Helga Marín
Jónatansdóttir
grænmetisæta.



tilkynna fyrirhugaða notkun á dýrunum á viðburðum sem þessum til MAST með tíu daga fyrirvara. Óheimilt er að nota dýrin í umhverfi sem er þeim ekki eðlilegt fyrr en að lokinni úttekt MAST. Konráð Konráðsson, héraðsdýralæknir suðvesturumdæmis, kannast ekki við að slíkt erindi hafi borist vegna „Geitardagsins“ og algengt að fólk sé ekki meðvitað um lög og reglugerðir um meðferð dýra og geri því ýmislegt í trássi við allt slíkt. Helga Marín telur einnig að vanþekking ráði oft för. „Fyrir okkur er þetta mikið tilfinningamál og hrikalegt að dýr séu notuð sem sýningargripir. Og það er svo sem skiljanlegt þar sem það er ekki mikið talað um þetta.“ thorarin@frettabladid.is

farið um skepnurnar á Hlemmi: „Þær voru þarna í tvo tíma, ég sá þær nokkrum sinnum og þær voru bara í góðu lagi elsku fólk,“ segir í einni athugasemdinni. Samkvæmt reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár ber að

0 kr. fyrsti mánuðurinn!



Verið vel tengd

Símafélagið



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Yaris

Þú flýgur
gegnum daginn

IS/EN/KA/SA/US/TOY/8512/1017



Yaris – verð frá: 2.230.000 kr.
Yaris Hybrid – verð frá: 2.670.000 kr.

Að fara af stað út í hvern dag á nettum og nýstárlegum Yaris er ómetanlegt. Þannig byrja allar ferðir vel, jafnt styttri sem lengri. Þessi pottþétta týpa er hlaðin orku og endurbættu Hybrid kerfi sem gerir þér fært að fljúga gegnum daginn.

Komdu og reynsluaktu Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Bylgja úrsagna er biskup gagnrýndi notkun á lekagögnum

TRÚFÉLÖG Á tveimur dögum í október síðastliðnum skráðu 529 manns sig úr Þjóðkirkjunni. Alls sögðu 1.248 sig úr þessu langstærsta trúfélaga landsins frá 23. október til 1. desember.

Í Morgunblaðinu 23. október sagði Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Þjóðkirkjunnar, að það væri ekki siðferðilega rétt að stela gögnum til að afhjúpa. Viku fyrr hafði sýslu-

mannsembættið í Reykjavík lagt lögban á umfjöllun Stundarinnar byggða á trúnaðargögnum úr Glitni frá því fyrir hrún.

„Ég er ekki sammála því að allt sé leyfilegt í sannleiksleitinni. Mér finnst til dæmis ekki siðferðilega rétt að stela gögnum og fara á bak við fólk til að afhjúpa mál og leiða sannleikann í ljós,“ sagði biskupinn meðal annars í Morgunblaðsviðtalinu sem

» Alls sögðu 1.248 sig úr Þjóðkirkjunni á tímabilinu 23. október til 1. desember.

vakti hörd viðbrögð. Margir lýstu því yfir að þeir myndu segja sig úr Þjóðkirkjunni vegna afstöðu Agnesar.

„Ég hef þraukað lengi í Þjóðkirkjunni þrátt fyrir margvísleg

spillingarmál þar sem hafa komið upp við það að gögnum hefur verið lekið þaðan, meðal annars um sjálf-töku núverandi biskups. Ætli maður sé ekki kominn á endastöð í þessari samfylgd,“ skrifað blaðamaðurinn Reynir Traustason á Facebook-síðu sína daginn sem viðtalið birtist.

Helgi Seljan sjónvarpsmaður minnti á að barnaniðingurinn Karl Vignir Þorsteinson hefði verið

afhjúpaður að hluta til með notkun gagna sem biskup skilgreindi sem stolin. „Þau gögn sýndu meðal annars fram á það hvernig kirkjan sem hún veitir forstöðu, tók undir sinn verndarvæng og verðlaunaði mann sem þá þegar hafði gengist við kynferðisbrotum gegn börnum, og greint hafði verið frá opinberlega,“ skrifaði Helgi á sína Facebook-síðu. –gar



Mennirnir voru stöðvaðir af landamæravörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fjórir dæmdir fyrir skjalafals

DÓMSMÁL Tveir Erítremenn, Sómalí og Georgíumaður voru nýlega dæmdir í þrjátíu daga fangelsi hver fyrir að framvísa fölsuðum eða röngum vegabréfum á leið sinni um Keflavík. Dómarnir voru kveðnir upp í Héraðsdómi Reykjaness.

» Mennirnir voru stöðvaðir við landamæraeftirlit og vaknaði þá grunur um að vegabréfin væru ekki þeirra.

Allir höfðu mennirnir millilent hér á landi og áttu tengiflug til Kanada til að komast héðan burt. Þeir voru stöðvaðir við landamæraeftirlit og vaknaði þá grunur um að vegabréfin væru ekki þeirra. Reyndist svo vera en passarnir voru ýmist keyptir á svörtum markaði eða breytifalsaðir.

Auk fangelsisvistarinnar, sem var óskilorðsbundin í öllum tilvikum, voru mennirnir dæmdir til að greiða þóknun verjanda síns. Sú upphæð er á bilinu 150 þúsund til 200 þúsund krónur fyrir hvern og einn hinna dæmdu. –joe

ÁRÉTTING

Í forsíðufrétt Fréttablaðsins þann 8. desember sl. láðist að geta þess að tölur um kódeinávísanir voru fengnar úr pistli Embættis landlæknis í nýjasta tölublaði Læknablaðsins, nr. 12/2017. Beðist er velvirðingar á því og leiðréttist það hér með.

Hraðhleðslumínútan verður seld á 39 krónur eftir 1. febrúar

Gjaldtaka á hraðhleðslustöðvum Orku náttúrunnar hefst 1. febrúar næstkomandi. Rafbílaeigendur hafa fengið ókeypis hleðslu í rúm þrjú ár. Notast verður við auðkennislykla. Framkvæmdastjóri ON segir verðið samkeppnishæft við algengt verð í Noregi. Hlöðum ON fjölgar á næstunni og verða þrjátíu í lok næsta árs.

ORKUMÁL Gjaldtaka á hleðslustöðvum Orku náttúrunnar (ON) mun hefjast 1. febrúar næstkomandi og mun mínútan kosta 39 krónur. Á næstu dögum og vikum verða fjölmargar nýjar hraðhleðslur teknar í gagnið á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóri ON segir mikla innviðauppgyngingu fram undan í rafbílavæðingunni og að í árslok 2018 verði hlöður á vegum fyrirtækisins orðnar rúmlega þrjátíu.

Bjarni Már Júlíusson segir að fyrirkomulag gjaldtökkunar verði kynnt á næstu vikum en rafbílaeigendur muni geta skráð sig fyrir auðkennislyklum, svipaða dæluþykklum olíufélaganna, og greiða síðan adeins fyrir þær mínútur sem þeir nota.

Rafbílaeigendur hafa getað hlaðið bíla sína gjaldfrjálst á hraðhleðslustöðvum ON frá árinu 2014 en ljóst var að um þróunarverkefni var að ræða og ávallt stefnt á gjaldtöku. Þegar verkefnið hófst voru rafbilar á Íslandi um hundrað talsins en hreinir rafbilar og tengiltvinnbilar eru í dag á fimmta þúsund.

„Við þekkjum orðið vel hvað þetta kostar og niðurstaðan er sú að mínútan verði á 39 krónur. Samkvæmt Fortum, samstarfsaðilum okkar í Noregi, stýttist hleðslutíminn hjá fólki þegar gjaldtaka hófst þar. Algengast er að hleðslutíminn sé um 10-12 mínútur, en það er alltaf ódýrast að hlaða heima hjá sér.“

Af þeim meðaltímaramma má ráða að hleðsluskotið geti kostað rafbílaeigendur á bilinu 400-500 krónur.

Bjarni segir að í dag sé algengur hraðhleðslutími hér upp undir 20 mínútur. Gjaldtaka muni hins vegar auka aðgengi að hlöðunum þar sem



Eftir gjaldfrjálsa orku frá 2014 mun ON hefja að rukka fyrir hraðhleðslu 1. febrúar næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

fólk freistist síður til að hlaða í botn þegar orkan er ekki lengur ókeypis, enda fái það mest fyrir peninginn upp að 80 prósent hleðslu bílsins. Rannsóknir sýni þó að 90 prósent rafbílaeigenda hlaði bílana fyrst og fremst heima hjá sér.

Algengt mínútuverð í Noregi, rafbílavæddustu þjóð veraldar, er um 34 krónur íslenskar en Bjarni bendir á að þar séu 100 þúsund rafbilar og verð ON muni því þola þann samburð.

„Nýtingarhlutfall stöðvanna hér er lágt en þegar fleiri rafbilar koma eykst nýtingin og þá verður hægt að stilla verðið af miðað við það. Þetta

» Þegar fleiri rafbilar koma eykst nýtingin og þá verður hægt að stilla verðið af miðað við það.

Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri ON



þarf að standa undir sér eins og aðrar fjárfestingar.“

Á næstu dögum verða síðan fjórar nýjar hlöður opnaðar á landsbyggðinni, en það er liður í verkefni ON um

að koma fyrir hraðhleðslustöðvum við hringveginn.

„Á næstu dögum verður opnað við Jökulsárlón, við veitingastaðinn Voginn á Djúpavogi, á Egilsstöðum við N1 og í Freysnesi. Og síðan á næstu vikum á Stöðvarfirði, í Lækjargötu í Hafnarfirði og í Mosfellsbæ við N1. Og fleiri staðir eru í bígerð.“

Í dag eru hraðhleðslustöðvar ON um tuttugu en Bjarni telur að í lok árs 2018 verði þær þrjátíu.

„Þetta er að gerast mjög hratt núna og það er mjög gaman að taka þátt í þessari vegferð að gera okkur enn sjálfbærari í orkuþörf landsins.“ mikael@frettabladid.is





★★★★★

„... trúverðug og mannleg frásögn af manneskju á krossgötum ...“

KOLBEINN ÞORSTEINSSON / DV

„Þetta er ljúfsár en skemmtileg saga sem mun gleðja marga.“

MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Ljúfasta saga og vel þess virði að lesa um konu sem loksins, loksins fer að hugsa um sjálfa sig.“

HELGA BIRGISDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
★ ★ ★ ★ ★

LOKADAGAR



Pajero Instyle 7 sæta 4x4

7.990.000

Verðlistaverð: 9.390.000



Outlander Invite PHEV 4x4

4.390.000

Verðlistaverð: 4.890.000



L200 Double Cab 4x4

4.750.000

Verðlistaverð: 5.750.000



ASX Intense+ 4x4

4.190.000

Verðlistaverð: 4.890.000

100 ÁRA AFMÆLISTILBOÐIÐ RENNUR ÚT UM ÁRAMÓTIN

Um leið og við þökkum fyrir stórkostlegar móttökur á 100 ára afmælisárinu viljum við benda á að lokadagar afmælistilboðsins eru runnir upp. Láttu ekki árið líða án þess að grípa þetta einstaka tækifæri til að gera kaup aldarinnar á japönskum gæðabíl frá Mitsubishi. Hið gættu til að sjá þig!

Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð breytingum.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



FYRIR HUGSANDI FÓLK

BETRIBILAKAUP.IS

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu í 511 2777



2017 Mitsubishi Outlander Phev

Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður
4X4 - Plug In-Hybrid
360° myndarvélakerfi
2 tegundir í boði!

Verð 4.430.000 kr.



2018 Volvo XC90 Hybrid T8

Hannaðu hann eins og þú vilt!
AWD - Plug-In Hybrid
Forpöntun
Afhendingartími er 4-5 mánuðir

Verð 7.390.000 kr.



2017 Kia Optima Phev

Glæsilegur og mjög vel útbúinn
Harman/Kardon hljóðkerfi
Plug-In Hybrid
Hraðastillir með aðlögun

Verð 3.790.000 kr.

Ármúla 4-6, Reykjavík | Firðinum, Hafnarfirði
511 2777 | sala@betribilakaup.is



facebook.com/betribilakaup



Á Landsbókasafni situr margur háskólaneminn og lærir fyrir próf í desembermánuði. Margir þeirra vita kannski ekki að bókasafnið varðveitir og getur útvegað allt prentað efni frá árinu 1886. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Torsóttara verður að varðveita íslenskt efni

Landsbókasafni og Amtsbókasafni á Akureyri er skylt að varðveita skyldueintök allrar prentútgáfu á Íslandi. Með erlendri prentun flytjast skylduskil frá prentsmiðjum til útgefenda sem margir vita ekki um mikilvægi þess.

MENNING Aukin prentun íslenskra bóka á erlendri grund veldur Landsbókasafni nokkrum áhyggjum og gæti það haft í för með sér að erfiðara verði að varðveita menningararf þjóðarinnar. Skylt er að skila til Landsbókasafns prentuðum bókum og einnig rafbókum, hljóðbókum, kvikmyndum og tónlist.

Fréttablaðið sagði frá því fyrir skömmu að hin íslenska jólabók innbundin í kápu muni brátt heyra sögunni til. Oddi mun í upphafi nýs árs hætta prentun þessarar gerðar bóka og því mun öll harðspjalda bókuprentun flytjast úr landi. Í jólabókafloðinu um þessi jól eru tvær af hverjum þremur bókum prentaðar erlendis, einungis þriðjungur er prentaður hér á landi.

Hallfríður Baldursdóttir, fagstjóri skylduskila Landsbókasafns segir þetta nokkrum vandkvæðum bundið. „Hér áður fyrir þurftum við bara að hafa samband við prentsmið-

Við vinnum að því markmiði að varðveita menningararfinn með þessum hætti.

Hallfríður Baldursdóttir, fagstjóri skylduskila hjá Landsbókasafni



urnar sem eru tiltölulega fáar hér á landi. Nú hins vegar færast skyldan yfir á útgefendur en þeir eru margir og mjög misjafnt hversu stórtækir þeir eru í útgáfu,” segir Hallfríður. „Því er það mun meira verkefni fyrir okkur að vakta bókamarkaðinn svo allar bækur skili sér til okkar.“

Hallfríður segir skilaskyldu bóka

skipta miklu máli fyrir varðveisluna. „Við vinnum að því markmiði að varðveita menningararfinn með þessum hætti. Hingað kemur allt útgefið efni og því mikilvægt að allt berist til okkar til varðveislukomandi kynslóða,” segir Hallfríður.

Fyrstu lög um skylduskil bóka voru samþykkt árið 1886. Var það þá hluti af prentsmiðjulögum landsins og náðu eingöngu til prentaðs efnis. Árið 1949 voru lög um skilaskyldu gerð að sjálfstæðum lögum og umsjón færð til Landsbókasafns frá lögreglustjórum landsins. Núgildandi lög um skylduskil voru samþykkt á Alþingi í tíð Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra. Er tilgangur þeirra að varðveita til frambúðar þann íslenska menningararf sem skilaskyldan nær til. Landsbókasafni, Amtsbókasafni á Akureyri og Kvikmyndasafni Íslands er gert að varðveita skyldueintök. sveinn@frettabladid.is

Sextíu milljónir í að nútímavæða skóla

MENNTAMÁL Bæjarstjórn Akureyrar áformar að verja sextíu milljónum króna á næstu þremur árum til nútímavæðingar í leik- og grunnskólum bæjarins. Er þetta gert til að styðja við uppfærslu á tæknibúnaði í skólum sem og að efla þekkingu fagfólks innan skólakerfisins.

Á opnum kynningarfundi bæjarstjórnar þann 29. nóvember síðastliðinn kynnti bæjarstjórn þessa hugmynd sína fyrir næstu fjárhagsáætlun sem verður samþykkt síðar í þessum mánuði. Fræðsluráð fagnar þessari ákvörðun bæjarstjórnar og er vinna hafin innan hennar hvernig hægt sé að nýta fjármagnið sem best.

„Við erum nú að fara yfir stöðuna. Skólarnir eru misjafnt á veg komnir með tækjabúnað og okkur skortir enn auknið fjármagn til að geta sinnt því. Einnig þurfum við að efla þekkingu kennara og fagfólks á tækninni og hvernig megi nýta hana sem best í kennslu,” segir Dagbjört Pálsdóttir, formaður fræðsluráðs og bæjarfulltrúi. „Þetta er fagnaðarefni því að



Framtíð barna okkar biður annar veruleiki en okkar sem eldri erum að mati fræðslustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

við viljum gera vel í þessum málum hér á Akureyri.“

Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarbæjar, segir þetta stórt og mikilvægt skref. „Hvert lítið skref skiptir máli í hinum tæknivædda heimi. Þetta er mjög mikilvægt skref í þá átt að nútímavæða kennslu og nýta tæknina í skólastarfi,” segir

Soffía. „Markmiðið er að nútímavæða skólastofuna. Við erum að stíga inn í fjórðu iðnyltinguna með nýju tungumáli sem er forritun. Líklega verður það svo að yfir helmingur þeirra starfa sem til eru í dag verða ekki til í framtíð barna okkar. Því þurfum við að halda vel á spöðunum.“ – sa

SKÚRAR OG RYKSUGAR SAMTÍMIS



HREYFANLEGUR HAUS

- Auðvelt að þrifa undir og meðfram húsgögnum
- Nær auðveldlega í öll horn og upp að brúnum



HREINSI- OG GEYMSLUSTÖÐ

- Kjörin til að hreinsa óhreinar rúllur
- Geymir vélna á milli verkefna



HREINSAR SIG SJÁLF

- Stöðug sjálfvirk hreinsun á rúllunum
- Skilar hreinu og þurru gólfi á 2 mínútum

FÆST
Í ELKO

KÄRCHER
PREMIUM 5 SKÚRINGARVÉL

- 2in1 sem bæði skúrar og ryksugar
- SmartRoller tækni fyrir hörð gólf
- Premium útgáfa, 4 rúllur fylgja
- Notendavæn, létt og meðfærileg

FC5WHITE

29.995

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

Segir viðræður við Icelandair árangurslausar

KJARAMÁL Ekkert hefur þókast í átt að samkomulagi í samningaviðræðum Flugvirkjafélags Íslands og Icelandair, að sögn Óskars Einarssonar, formanns Flugvirkjafélags Íslands. Flugvirkjar hjá Icelandair hafa boðað til ótímabundins verkfalls klukkan sex að morgni þann 17. desember næstkomandi, takist ekki að semja fyrir þann tíma.

„Aðallega er svo vegna þess að við höfum verið að ræða saman frá því í enda júlí. Samningar voru lausir 31. ágúst og við höfum bara ekki

Samningar voru lausir 31. ágúst og við höfum bara ekki náð neinum árangri.

Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands

náð neinum árangri í samningaviðræðum,“ sagði Óskar í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær.

Boðað var til fundar hjá ríkissáttasemjara í fyrradag og segir

Óskar að enn sé langt í land. „Það munar þó nokkru því að við teljum okkur eiga inni launaleiðréttingu sem er búið að fara þó nokkur vinna í að finna út úr. Við höfum svo sem unnið það í samvinnu við okkar viðsemjendur og höfum komist að ákveðinni lausn í því máli og þar stendur það í dag.“

Verði af verkfallinu mun það hafa í för með sér mikla röskun á flugi segir í tilkynningu sem Icelandair sendi til Kauphallarinnar.

— ae, ngy



Fullyrt að verkfall myndi hafa mikil áhrif á flug Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðist á bænahús gyðinga í Svíþjóð

„Það er ekki pláss fyrir gyðingahatur í samfélagi okkar,“ sagði forsætisráðherra Svíþjóðar. Ráðist var á bænahús gyðinga með bensinsprengjum um helgina. Atvikið er rakið til þeirrar ákvörðunar Bandaríkjaforseta að viðurkenna Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels.

SVÍÞJÓÐ „Ég er mjög hugsandi yfir árásinni á bænahúsið í Gautaborg á laugardaginn og að það hafi verið kynt undir þetta ofbeldi gegn gyðingum á fundi mótmælenda í Malmö,“ sagði Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, í yfirlýsingu í gær.

Ráðist var á bænahúsið með bensinsprengjum á meðan ungmenntasamkoma fór þar fram. Áður höfðu farið fram hörð mótmæli gegn gyðingum í Malmö, þar sem um 200 manns voru samankomnir.

„Það er ekki pláss fyrir neitt gyðingahatur í samfélagi okkar. Árásarmennirnir þurfa að svara fyrir þetta. Öll lýðræðisöfl verða nú að vinna saman í þágu opins og frjálshynds samfélags, þar sem allir finna öryggis- og tilfinningu,“ segir Stefan Löfven.

Leiðtogi gyðinga í Gautaborg, Allan Stutzinsky, var viðstaddur þegar árásin var gerð á bænahúsið. „Við vissum vel að öryggi samfélags gyðinga væri ógnað, en það er samt áfall að þetta skuli gerast,“ segir Stutzinsky.

Í síðustu viku viðurkenndi Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels og flutti sendiráð Bandaríkjanna frá Tel Aviv til Jerúsalem. Ákvörðunin hefur valdið talsverðu uppnámi í Mið-Austurlöndum og annars staðar í samfélagi araba.

Stutzinsky segist ekki í vafa um að árásin hafi verið gerð í beinum tengslum við ákvörðun Bandaríkjaforseta.

Öryggið hefur verið hert mjög mikið í kringum bænahús gyðinga víða í Svíþjóð eftir árásina um helgina, að því er sænska ríkisútvarpið (SVT) greinir frá. Lögreglan í Malmö hefur líka aukið öryggisviðbúnað sinn af ötta við að fleiri atvik kunní að verða.

Lögreglan í Gautaborg gerði itrek-



Löggæsla hefur verið hert í kringum bænahús gyðinga víða í Svíþjóð. Gyðingar viðsvegar um heiminn upplifa ógn eftir atburði síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

aða leit að hinum grímuklæddu árásarmönnum sem köstuðu bensinsprengjunni og á sunnudagsmorgun voru þrír handteknir.

Sænska ríkisútvarpið sagði óljóst hvort fleiri hefðu komið að árásinni. Vitni hafa þó sagt að þau hafi séð í kringum 20 grímuklædda menn með svokallaða molotovkokteila sem hent var inn í garðinn við bænahúsið.

jonhakon@frettabladid.is

Það er ekki pláss fyrir neina kynþáttahyggju í samfélagi okkar.

Stefan Löfven formaður Jafnaðarflokkurinn Svíþjóð



Segir Bandaríkin óvin Palestínnumanna

Víða hafa brotist út átök vegna ákvörðunar Donalds Trump um að viðurkenna Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels. Breska ríkisútvarpið, BBC, greindi til dæmis frá því að mótmælendur komu saman nærri sendiráði Bandaríkjanna í Beirút í Líbanon

um helgina. Þeir voru vopnaðir steinur og kveiktu elda á götum nærri sendiráðinu. Öryggissveitir beittu tárágasi gegn mótmælendum. Hanna Gharib, leiðtogi Kommúnistaflokksins í Líbanon, sagði að Bandaríkin væru óvinir Palestínnumanna.

JÓL 2017



BOSCH
Þvottavél

WAT 2869SSN, Serie 6

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótór með 10 ára ábyrgð.

Jólaaverð:

127.900 kr.

Fullt verð: 175.900 kr.



BOSCH
Þurrkari

WTW 854S9SN, Serie 6

Sjálfhreinsandi rakapéttr. Gufupétting, enginn barki. LED-skjár. Snertihnappar. Krumpuvörn við lok kerfis.

Jólaaverð:

117.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.



BOSCH
Handryksuga

BHN 14090

Öflug 14,4 V. Hægt að hlaða, engin snúra. Ofbursti fylgir með.

Jólaaverð:

9.900 kr.


Fullt verð: 12.900 kr.

Jólabæklingur Smith & Norland er kominn út.

Glæsilegar vörur á sérstöku jólaaverði. Sjá nánar á sminor.is.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




JÓLABÓKIN ÞÍN

TILBOÐ Á JÓLALESTRI



Búrið

TILBOÐSVERÐ:
4.699.-
Verð áður:
6.999.-



Kaldakol

TILBOÐSVERÐ:
4.699.-
Verð áður:
6.999.-



Í skugga drottins

TILBOÐSVERÐ:
4.699.-
Verð áður:
6.999.-



Smartís

TILBOÐSVERÐ:
4.199.-
Verð áður:
6.299.-

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 12. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Leslistinn



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að setja orð á blað um mikilvægi lestars en engu að síður er hér ein skvettan til. Tilfellið er könnun sem Miðstöð íslenskra bókmennta lét gera á viðhorfi Íslendinga til bóklesturs, þýðinga og opinbers stuðnings við bókmenntir. Niðurstöðurnar eru um margt forvitnilegar og geta vel nýst til þess að ákvarða næstu skref varðandi stuðning við bókmenningu á Íslandi. Ekki síst með tilliti til þess hversu mikilvæg öflug bókmenning er fyrir smáþjóð sem vill raunverulega vernda og viðhalda sínu sérstaka tungumáli.

Í fyrsta lagi sýnir könnunin okkur að meirihluti Íslendinga les einungis eða oftár á íslensku en öðrum tungumálum, en reyndar er það líka svo að 34 ára og yngri lesa mun síður á íslensku en þeir sem eldri eru. Í öðru lagi er merkilegt að rúm 80% landsmanna taka undir mikilvægi þess að þýða nýjar erlendar bækur á íslensku, en það kemur síður á óvart að það dregur úr stuðningi við mikilvægi þýðinga eftir því sem svarendur yngjast. Síðast en ekki síst sýnir könnunin afgerandi stuðning, 77,5% svarenda, við þeirri fullyrðingu að mikilvægt sé að íslensk bókmenning hafi aðgang að opinberum stuðningi. Það er reyndar aldursþópurinn 18 til 24 ára sem sýnir þessu mestan skilning sem felur í sér jákvæð skilaboð frá þessum lesendum framtíðarinnar.

Þessi mikla fylgni við mikilvægi þess að þýða nýjar erlendar bækur, ásamt stuðningi við að aðgangur íslenskrar bókmenningar að opinberum stuðningi felur í sér skýr skilaboð til Lilju Alfreðsdóttur, nýskipaðs mennta- og menningarmálaráðherra. Lilja virðist reyndar ætla að fara vel af stað með afnámi virðisaukaskatts á bækur en betur má ef duga skal. Þörfin fyrir að efla bókmenningu er mikil því með sterkri bókmenningu stuðlum við að bættri stöðu íslenskunnar, styrkjum grunnstöðir menntunar, eflum siðferðisvitund og byggjum betra samfélag. Kannski þykir einhverjum að hér sé helst til vel í lagt, en það andmælir því vart nokkur að ávinningurinn af lestri góðra bóka er ótvíræður.

Það er því ekki úr vegi að kalla eftir hugmyndum að því hvað er helst til ráða. Hjá Miðstöð íslenskra bókmennta er unnið gott og mikið starf en fjármagnid er af skornum skammti en verkefnið mörg og margvísleg. Vissulega væri gott að veita auknu fjármagnid til Miðstöðvarinnar en þá má líka skoða hvort það ætti að fela í sér ákveðnar áherslur eins og t.d. að efla útgáfu bóka fyrir börn og ungmenni. Slikt viðbótarfé gæti jafnvel verið eyrnamerkt því verkefni að styðja við höfunda, þýðendur og útgefendur barna- og ungmennabókmennta. Lengi hefur verið kallað eftir fleiri titlum fyrir unga lesendur sem þurfa einfaldlega að sætta sig við of stuttan leslista. Afleiðingin er að snemma leita ungir lestrarhestar á náðir enskunnar á meðan aðrir leggja frá sér bókina og skaðinn er skeður. Ef við tryggjum ekki börnum og ungmennum nóg af vönduðu og spennandi lesefni er engin þörf á því að vera hissa á því að þau verði sum hver illa læs.



Slikt viðbótarfé gæti jafnvel verið eyrnamerkt því verkefni að styðja við höfunda, þýðendur og útgefendur barna- og ungmennabókmennta.

Halldór



Frá degi til dags

Atgervisflóttinn

Björn Blöndal, formaður borgarráðs og oddviti Bjartrar framtíðar, tilkynnti í síðustu viku að hann hygðist ekki gefa kost á sér í framboð aftur. Áður hafði Halldór Auðar Svansson, oddviti Pírata, tjáð að hann ætlaði að hætta. Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, ætlar líka að hverfa til annarra starfa. Ekki liggur annað fyrir en að Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, og Líf Magneudóttir, oddviti VG, haldi ótraud áfram. En egar leiðtogar þriggja af fimm stjórnmálaflokkunum í borgarstjórn leita á önnur mið er ef til vill hægt að tala um atgervisflotta úr Ráðhúsinu. Í slíkum aðstæðum verða menn kannski að reyna að átta sig á því hvað veldur.

Í fantaformi

Knattspyrnumaðurinn geðþekki, Eiður Smári Guðjohnsen, komst í hann krappann um helgina þegar hvorki meira né minna en fimm menn réðust að honum í Barcelona og vildu hafa af honum úrið. Þótt Eiður æfi ef til vill ekki jafn mikið núna og hann áður gerði virðist hann engu að síður vera í fantaformi því samkvæmt frásögnum tókst honum að hrista af sér mennina einn sins liðs. Atvikið fékk ekki meira á hann en svo að hann gerði grín að öllu saman á Twitter á eftir.

jonhakon@frettabladid.is

Sprotar í sókn



Silja Dögg Gunnarsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Við eigum ekki að líta á skattvillanir sem kostnað heldur leið til að auka tekjur okkar til framtíðar. Þar sem hagsveiflur tengdar auðlindageirnum hafa verið umtalsverðar er eftirsóknarvert að byggja upp iðnað, sem felur í sér meiri fjölbreytileika og er minna háður auðlindum jarðar. Rannsóknir sýna að 60% af framtíðarstörfum barna okkar eru óskilgreind í dag, því er mikilvægt fyrir stjórnvöld að leggja grunn að því að þessi nýju störf geti þróast hér á landi.

Uppgangur hugverkaiðnaðarins á Íslandi sem fjórða stöðin í hagkerfinu, til viðbótar við ferðaþjónustu, stóriðju og sjávarútveg, býður Íslendingum upp á þann möguleika að efla stöð sem ekki er háð takmörkuðum auðlindum. Stöðin þróar í eðli sínu þekkingu og eftirsóknarverð hálaunastörf með vörum og lausnum, sem skila miklum virðisauka, fyrir viðskiptavinum á alþjóðlegum markaði.

Hér á landi eru fjölmörg sprotafyrirtæki sem og stærri nýsköpunarfyrirtæki eins og CCP, Marel og Össur, sem eru stöðugt að þróa framúrsteftnuleg verkefni á heimsmælikvarða. Lög um nýsköpunarfyrirtæki sem voru sett í apríl 2016 voru afar jákvætt skref en þau eru takmörkuð þar sem skattaívilnandi þakið er of lágt, en í Bretlandi t.d. er ekkert þak á skattaívilnanir til þróunarverkefna. Nú er staðan þessi að stærri nýsköpunarfyrirtæki þurfa sum hver að færa þróunarverkefni sín til annarra landa, ef þau hafa tækifæri til þess, þar sem það er mun hagkvæmara fyrir þau. Ef við ætlum að verða samkeppnishæf þá verðum við að beita sértækum aðgerðum og stuðningi þar sem gengissveiflur eru íslenskum fyrirtækjum erfiðar, við erum langt frá mörkuðum og það er oft erfið að fá hæft starfsfólk í þau störf sem unum ræðir.

Í ljósi þessa þá er ánægjulegt að lesa sáttmála nýrrar ríkisstjórnar og sjá að þar er áhersla lögð á nýsköpun, rannsóknir og þróun. Móta á heildstæða nýsköpunarstefnu fyrir Ísland í nánú samráði við atvinnulíf og vísindasamfélagið. Hún verður samþætt við framtíðarsýn í menntamálum, frá leikskóla til háskóla, í samráði við skólasamfélagið. Að auki á að endurskoða fyrirkomulag endurgreiðslna vegna þróunarverkefna í því skyni að afnema þak sem verið hefur á slíkum endurgreiðslum.



Móta á heildstæða nýsköpunarstefnu fyrir Ísland í nánú samráði við atvinnulíf og vísindasamfélagið.

PLUKKIFISKUR

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára • Spönginni • Skipholt

HUMAR

Óveðursský yfir Jerúsalem



Birgir Þórarinnsson
Þingmaður
Miðflokksins og
starfaði í Jerúsalem fyrir Sam-
einuðu þjóðirnar

Þjóð Jerúsalem friðar segir í Davíðssálmunum. Full ástæða er til að taka þessi orð alvarlega nú þegar Bandaríkin hafa tilkynnt að þau viðurkenni Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels og muni flytja sendiráð sitt frá Tel Aviv til borgarinnar helgu. Ákvörðunin er mjög eldfim meðal Palestínnumanna og arabaríkja almennt. Hún getur haft víðtæk áhrif til hins verra í Mið-Austurlöndum. Framtíð Jerúsalem borgar, sem er heilög í augum gyðinga, kristinna manna og múslima, verður einungis ákvörðuð með samkomulagi Ísraels og Palestínnumanna, en ekki einhliða ákvörðun Bandaríkjanna. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt áherslu á þetta og alþjóðasamfélagi almennt.

Sú kenning Trumps um að sendiráðsákvörðunin muni flyta fyrir friðarferlinu milli Ísraels og Palestínu bendir til þess að hann hafi ekki hlustað á ráðgjafa sína í friðarmálum. Ákvörðunin mun hafa þveröfug áhrif, um það eru helstu sérfræðingar í málefnum Mið-Austurlanda sammála. Undirritaður starfaði í Jerúsalem og þekkir hið spennuþrungna andrúmsloft sem þar ríkir. Nánast má telja öruggt

að ofbeldi muni aukast í borginni. Hryðjuverkaógnin mun auk þess fá byr undir báða vængi.

Ákvörðunin getur spilt samskiptum Jórdaníu og Ísraels en Jórdanar hafa haft yfirumsjón með Musterishæðinni eða „Temple Mount“ í Jerúsalem. Það kæmi sér illa fyrir Ísrael enda svæðið mjög viðkvæmt fyrir átökum. Friðarsamkomulagið við Jórdaníu er þeim einnig mikilvægt en þeir eiga mikilvæga sameiginlega hagsmuni eins og í vatnsbúskap.

Leyniþjónusta Ísraels varaði Bandaríkin við

Í byrjun þessa árs varaði Jórdaníkönungur Trump sérstaklega við því að flytja sendiráðið til Jerúsalem. Auk þess hefur ísraelska leyniþjónustan varað við því að ofbeldi myndi aukast og að ákvörðunin gæti leitt til þess að meðlimum í hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við ríki Íslams myndi fjölga.

Ákvörðun Trumps kemur á slæmum tíma fyrir Palestínnumenn jafnt sem Ísraelsa út frá viðskiptalegum forsendum. Mikill ferðamannastraumur er að jafnaði til Betlehem í kringjum fæðingarhátíð Krists. Það er viðbúið að hann verði svipur hjá sjón þessi jólin og mikil óvissa er fram undan í þessum efnunum.

Bandaríkin hafa stóra sendiráðsbyggingu á besta stað í Tel Aviv. Frá borginni er einungis 45 mínútna akstur til Jerúsalem. Auk þess hafa þeir ræðismannsskrifstofu í Jerúsalem. Engin þörf er fyrir nýja sendi-



ráðsbyggingu. Það er því auðvelt að álykta sem svo að ákvörðunin feli í sér ögrun.

Framkvæmir fyrst og hugsar svo Trump sagði í ræðu sinni, þegar ákvörðunin var tilkynnt, að friðarviðræður milli Ísraels og Palestínu hefðu engu skilað á undanförunum árum og hann ætlaði ekki að halda sig við gömlu formúluna í þeim efnunum, því miður eru miklar líkur á því að nýja Trump-formúlan sé eitruð. Trump státaði sig einnig af því í ræðunni að hann gæti tekið ákvörðun sem forverar hans höfðu ekki haft hugrekki til að taka sl. 20 ár. Af þessu má sjá að ákvörðunin er greinilega til heimabruks og að




Utanríkismálanefnd Alþingis þarf að fylgjast vel með framvindu mála í Mið-Austurlöndum og á Kóreuskaga. Alvarleg átök á þessum slóðum munu hafa víðtæk áhrif um heim allan.

standa við vanhugsað kosningaloforð. Enda nauðsynlegt að beina athyglinni frá óþægilegum málum heima fyrir eins og rannsókn

alríkislögreglunnar á kosningarátta Trumps. Það sem veldur hins vegar áhyggjum er að Trump er valdamesti maður heims, sem virðist framkvæma fyrst og hugsar svo. Það kann aldrei góðri lukku að stýra. Í þessu sambandi kemur Norður-Kórea upp í hugann og sú raunverulega hættu að Trump tæki afdrifaríka ákvörðun, án þess að hugsa um afleiðingarnar og beitti hervaldi gegn ríkinu með tilheyrandi hörmungum.

Utanríkismálanefnd Alþingis þarf að fylgjast vel með framvindu mála í Mið-Austurlöndum og á Kóreuskaga. Alvarleg átök á þessum slóðum munu hafa víðtæk áhrif um heim allan.


 Landsvirkjun



ORKU RANNSÓKNA SJÓÐUR

ERT ÞÚ AÐ RANNSAKA ORKU OG UMHVERFI?

Náttúrulegir orkugjafar, ný nálgun og hugvitsamlegar lausnir móta orkuvinnslu framtíðarinnar. Við óskum eftir umsóknum til Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar sem veitir styrki til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála.



- ➔ Til úthlutunar úr sjóðnum árið 2018 eru um 55 milljónir króna.
- ➔ Umsóknarfrestur er til **15. janúar 2018**.
- ➔ Kynntu þér málið á landsvirkjun.is/orkurannsoknasjodur

Má alveg fá sér jólasmarkökur

Það er nóg að gera hjá Þuríði Erlu Helgadóttur með fram prófunum í háskólanum. Hún flaug í morgun út til Dubai til að taka þátt í mjög sterku krossfit móti og tók námsbækurnar með. Þuríður hefur átt frábært ár og hápunkturinn varð þegar hún varð tíunda á heimsmeistaramótinu í ólympískum lyftingum á dögunum.

LYFTINGAR Á árinu 2017 hefur Þuríður Erla Helgadóttir náð að komast í hóp tuttugu bestu í heiminum í tveimur íþróttagreinum. Hún varð í tíunda sæti á heimsmeistaramótinu í ólympískum lyftingum í byrjun desember og hafði áður náð átjándu sæti á heimsleikunum í krossfit í ágúst.

„Þetta er pottþétt mitt besta ár,“ segir Þuríður Erla Helgadóttir við Fréttablaðið. Hún tekur ólympísku lyftingarnar með krossfitinu og hefur staðið sig mjög vel á báðum stöðum. Þuríður Erla bætti þrjú Íslandsmet á heimsmeistaramótinu í Anaheim og náði ekki bara tíunda sætinu í 58 kílóa flokki heldur varð hún í þriðja sæti meðal evrópsku stelpnanna.

Fullkomið mót

„Ég bjóst alls ekki við því að komast inn á topp tíu og þetta mót er það sem hefur komið mér mest á óvart á þessu ári,“ sagði Þuríður Erla sem var í skýjunum yfir árangrinum. „Þetta var í rauninni fullkomið mót. Ég hefði ekki getað beðið um neitt betra,“ segir Þuríður og hún var ánægð með að fá að keppa fyrir hönd Íslands á svona móti. „Það er alltaf geggjað og mikill heiður enda flott mót,“ sagði Þuríður.

Árið 2017 hefur gengið vel hjá henni. Hún vann Reykjavíkurlíkana í ársbyrjun og náði sínum besta árangri á ferlinum á heimsleikunum í ágúst. Hún náði síðan tíunda sætinu á HM.

Prófaði að æfa bara

„Ég er mjög sátt. Það er alltaf hægt að finna eitthvað sem gekk ekki upp,“ segir Þuríður en hún hagaði hlutunum aðeins öðruvísi á árinu. „Ég prófaði núna að vera bara að æfa. Eftir heimsleikana í fyrra prófaði ég að vera bara að æfa og fékk ársleyfi frá skóla. Það byrjaði rosalega vel en svo finnst mér mjög fint að vera í skóla líka. Þá er maður ekki bara að hugsa um að æfa. Það er svo geggjað að koma á æfingu þegar maður er búinn að vera í skólanum,“ segir Þuríður sem æfði tvisvar sinnum á dag fimm sinnum í viku á milli heimsleikanna 2016 og 2017.

„Krossfitið er númer eitt, tvö og



Þuríður Erla Helgadóttir sést hér í Sporthúsinu í gær en hún keppir í Dubai í þessari viku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þrjú á hjá mér en þar er mjög mikið af lyftingum þannig að maður er í ólympískum lyftingum fjórum sinnum í viku,“ segir Þuríður og hún var ekki alveg nógu sátt með átjándu sætið á heimsleikunum þrátt fyrir að ná sínum besta árangri á ferlinum.

„Ég fékk kannski ekki alveg niðurstöðurnar sem ég bjóst við og þá aðallega á heimsleikunum,“ segir Þuríður sem hækkaði sig um eitt sæti frá árinu á undan. „Þetta er nátt-

úrlega heimsmeistaramót þannig að maður getur ekki mikið kvartað,“ segir Þuríður.

„Ég kom mér sjúklega mikið á óvart á heimsleikunum 2016 í hverri þrautinni á fætur annarri. Mér gekk betur en ég bjóst við og ég hugsaði að það þyrfti ekkert mikið til að ég gæti verið í toppbaráttu. Ég ákvað að leggja allt í sölurnar en svo gekk ekki jafnvel á þessum heimsleikum. Ég varð fyrir vonbrigðum,“ segir Þuríður sem náði samt að hækka sig um eitt sæti. „Ég læri mikið á hverju móti og það á bara meira eftir að koma,“ segir Þuríður og áhuginn minnkar ekkert.

„Það er magnað. Maður klárar viku keppni sem tekur mikið frá manni og um leið og hún er búin þá er maður byrjaður að hugsa um næsta mót,“ segir Þuríður en hvar finnur hún orkuna?

Miklar þyngdir á stönginni

„Það er ekkert erfitt. Auðvitað þarf maður að borða hollan mat, sofa og gera allt sem maður getur til að halda sér í standi. Þetta er svo gaman og svo fjölbreytt. Þú getur verið að gera svo mikið því þú ert að synda, hlaupa, hjóla og lyfta,“ segir Þuríður. Hún keppir í 58 kíló flokki en var að lyfta 86 kílóum í snörun og 108 kílóum í jafnhendingu á heimsmeistaramótinu. Þetta eru því engar smáþyngdir.

„Maður þarf smá keppnisskap í þetta. Það gerist alveg að ég hætti við lyftu en svo lærir maður. Ef maður ætlar sér ekki að lyfta þessu þá lyftir maður þessu ekki. Ég er búin að

ákveða það að ég ætli að gera þetta,“ sagði Þuríður.

Það er nóg að gera hjá þessari 26 ára gömlu afrekskonu því auk þess að vera í miðjum jólaþrófum í háskólanum þá er hún að leiðinni til Persaflóans í dag til að keppa á sterku krossfit móti.


Námsbækurnar með til Dubai

„Ég er ekki búin með prófin og eiginlega að fara út á milli prófa. Ég tek námsbækurnar með út. Það er fint að geta hugsað um eitthvað annað inn á milli,“ segir Þuríður sem er í sjúkrahjálfun og segir námið hjálpa henni í íþróttunum. „Ég læri fullt inn á líkamann í krossfitinu og það er fint að geta tengt þetta saman,“ segir Þuríður. Hún segist hafa verið mjög heppin með meidösl síðustu ár. „Ég var í fótbolta þegar ég var yngri og þá var mér alltaf illt í hnjúnum og ökkunum. Svo eftir að ég byrjaði að lyfta af einhverju viti þá er allt í góðu,“ segir Þuríður.

Hún þarf að hugsa mikið um mataræðið sitt en hvernig er þá jólamánudurinn hjá henni. „Ég er alveg að leyfa mér, bara ekki að borða smákökur allan daginn. Það má alveg borða nokkrar. Það er bara betra og gefur manni orku,“ segir Þuríður létt. „Mataræðið er stór hluti af þessu. Ég borða eins hollt og ég get og borða mikið. Það er það helsta sem ég þarf að hugsa um,“ segir Þuríður. Hana dreymir líka enn um að keppa á Ólympíuleikunum. „Ég held bara áfram að reyna að bæta mig og vona það besta,“ segir Þuríður að lokum. oof@frettabladid.is

SKORADI 43 STIG Í BANDARÍSKA HÁSKÓLABOLTANUM

Íslenski landsliðsbakvörðurinn Elvar Friðriksson fór á kostum með liði Barry í bandaríska háskóla-körfuboltanum um helgina. Elvar skoraði 43 stig í 107-103 Barry á Tampa í tvífram-lengdum leik og var hann aðeins fimm stigum frá því að jafna skóla-metið. Elvar hitti meðal annars úr 5 af 9 þriggja stiga skotum sínum og setti niður 14 af 15 vítaskotum. Elvar var einnig með 3 stöðsendingar og 3 stolna bolta á þeim 45 mínútum sem hann spilaði í leiknum. Elvar er með 21,5 stig og 7,1 stöðsendingu að meðaltali í leik á tímabilinu.



NÆR KR LOKSINS AÐ VINNA BIKARLEIK Í LJÓNAGRYFJUNNI?

KR-ingar heimsækja Njarðvík í kvöld í átta liða úrslitum Malt-bikarsins í körfubolta en KR hefur unnið bikarkeppnina undanfarin tvö ár. KR-liðið hefur nú unnið tólf bikarleiki í röð eða alla bikarleiki síðan liðið tapaði í bikarúrslitaleiknum á móti Stjórnunni í febrúar 2015.

KR-liðinu hefur hins vegar gengið afar illa í bikarleikjum í Njarðvík en Vesturbæingar hafa tapað fjórum bikarleikjum í röð í Ljónagryfjunni eða öllum bikarleikjum sínum í húsinu í 17 ár eða frá síðasta bikarsigri sínum þar 10. desember 2000.




FYRSTA TAPIÐ HJÁ BJARKA

Bjarki Þór Pálsson tapaði léttvigtartitlinum til Stephens O'Keefe í aðalbardaga FightStar Championship 13 bardagakvöldsins í London um helgina. Írinn náði Bjarka í gólflið og lét högginn dynja á honum þar til dómari stöðvaði leikinn eftir rúma mínútu og dæmdi O'Keefe sigurinn og tók sá írski léttvigtarmeistaratitlinn. Þetta var fyrsti ósigur Bjarka í atvinnumannabardaga.

SNORRI Í 29. SÆTI Í SVISS

Snorri Einarsson endaði í 29. sæti í keppni í 15 kílómetra skídagöngu með frjálsri aðferð á heimsbikar-móti í Davos í Sviss í gær. Snorri var skráður inn sem 83. sterkasti keppandinn í mótinu út frá heimslista FIS en heimslistinn hefur ekki verið uppfærður neitt síðan heimsbikarmótaröðin hófst. Snorri náði hæst í 12. sæti í keppninni í gær en hún er gríðarlega spennandi þar sem mjög lítið skildi á milli keppenda. Að lokum endaði Snorri í 29. sæti sem

er stórkostlegur árangur og skilar honum tveimur heimsbikarstigum en einungis 30 efstu fá heimsbikarstig. Eftir keppni helgarinnar er Snorri í 57. sæti í heildarstiga-keppni heimsbikarsins og í 44. sæti í keppni í lengri vegalengdum.



TUDOR RAFGEYMAR

Alltaf öruggt start fyrir kuldann í vetur.



TUDOR High Tech rafgeymar. Í allar gerðir faratækja.

Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = Lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfríir.
Mikið kaldræsipól, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir bíla með miklum aukarafbúnaði.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta alla leið.




Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

JÓLIN

MÁNUDAGUR 11. DESEMBER 2017

Jólin



„Við erum að gæla við þá hugmynd að koma með ný tilbrigði af jólakremkexi fyrir hver jól, svona eins og jólabjörinn,“ segir Jóhannes Freyr Baldursson, framleiðslustjóri hjá Frón. MYNDIR/EYÞÓR

Jólakremkexið slær í gegn

Nýjasta afurð frá Frón er jólakremkexið sem slegið hefur í gegn fyrir jólin. Kexskelin er krydduð með kanil, negul og engifer og kemur öllum í gott jólaslap.

Grýla
Jólasveinastytta
KR. 2.990.-

14 dagar til jóla

icemart
LAUGAVEGUR 89 • S: 585 0507

Framhald af forsiðu →

Kremkexið sigilda frá Frón, eða Sæmundur eins og margir kalla það, hefur verið framleitt í tugi ára og er enn ein vinsælasta kextegundin sem fyrir-tækið framleiðir. Lengi vel hefur kexið verið framleitt með vanillukremi og ljósu kexi, en nýjungar í bragðefnum og nýjar vélar hafa gert starfsmönnum Fróns kleift að fara inn á nýjar brautir með kremkexið segir Jóhannes Freyr Baldursson, framleiðslustjóri hjá Frón. „Við höfum aðeins nýtt okkur þessa möguleika og ætlum okkur stærra hluti í nánustu framtíð. Nýjasta afurðin er jóla-kremkexið sem slegið hefur í gegn núna fyrir jólin. Við erum að gæla við þá hugmynd að koma með ný tilbrigði af jólakremkexi fyrir hver jöl, svona eins og jólabjörinn.“

Nýja jólakremkexið var þróað síðasta sumar að sögn Jóhannesar og er fyrsti árgangur af jólakremkexi Fróns. „Kexskelin sjálf er krydduð með kanil, negul og engifer sem gerir kexið meira jóla-legra og spes. Fyrir þann sem smakkar það þá koma jólin örugglega fyrst upp í hugann og í bragðlaukana.“

Á alltaf við

Kex frá Frón hefur fylgt kynslóðum Íslendinga og það er nær alls staðar í boði segir Jóhannes. „Íslendingar borða kexið eitt og sér eða dýfa því jafnvel í mjólk, kakó eða kaffi. Kremkexið hefur verið vinsælt á veisluborðum í erfisdrykkjum og á ýmsum samkomum. Jólakremkexið er náttúrulega geðveikt gott með heitu súkkulaði og þeyttum rjóma, ég tala nú ekki um ef góð jólabók



Starfsmenn Fróns við þökkun á kexi.

er við höndina líka. Svo er hægt að nota jólakremkexið, og reyndar þetta venjulega líka, í alls kyns eftirrétti og góðgæti til að gæða sér á um jólin. Við birtum ein-

